




Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

12. tbl. • Desember 2003

*Samtök iðnaðarins óska
félagsmönnum sínum
og öðrum lesendum
gleðilegra jóla,
árs og friðar*



Hættan af háum vöxtum

Gríðarlegar stóriðjuþjárfestingar á komandi árum munu hafa ruðningsáhrif á fjölda atvinnugreina og mörg störf í landinu. Vissulega réttlætir sá langtímaávinningur einhverjar fórnir. Þó er mikilvægt að réttri efnahagsstjórn verði beitt á komandi árum með auknu aðhaldi í opinberum fjármálum og ábyrgri ákvarðanatöku aðila atvinnulífsins. Að öðrum kosti getur uppsveifla snúist í erfiðan samdrátt.

Vaxtahækkun framundan

Eftir samdrátt í innlendra eftirspurn síðustu tvö ár hafa stóriðjuáformin aukið bjartsýni á ný og útlán til einkaneyslu og fjárfestinga tekið að vaxa hröðum skrefum. Þá eru uppi áform um að lækka skatta og auka íbúðarlán á hápunkti framkvæmdanna sem eru þensluhvetjandi aðgerðir. Vegna þessa hefur Seðlabankinn varað við að ferli vaxtahækkana sé framundan. Það sé nauðsynlegt til að draga úr vaxtarhraða hagkerfisins og verðbólguþrýstingi. Seðlabankinn þarf að bregðast tímanlega við þar sem vaxtabreytingar taka eitt til tvö ár að hafa tilætluð áhrif á efnahagsstarfsemina. Þó er ekki allt sem sýnist í þeim efnunum.



Langvarandi hátt vaxtastig

Vextir á Íslandi hafa verið háir í hartnær áratug og mun hærri en víðast annars staðar. Með því að draga væntingar um 3% verðbólgu frá útlánsvöxtunum fást raunvextir útlána bankakerfisins. Þeir hafa um árabil verið frá um 5% og upp í 15% eftir tegund útlána.


Helstu ástæður hárra vaxta hérlendis eru að krónan er lítil og ótrúverðug mynt sem fylgir áhættuálag á alþjóðlegum lánamarkaði. Þá eru vísbendingar um fákeppniálag í fjármálaþjónustu. Einnig hefur borið á misvægi í hagstjórn. Aðhald í opinberum fjármálum skorti í lok síðustu uppsveiflu. Afkoma ríkissjóðs versnaði og laun skruðust upp meðan Seðlabankinn hækkaði vexti mikið til að bremsa hagkerfið af og skapa sér meiri trúverðuleika. Þegar útflutningshorfur versnuðu óvænt í maí 2000, tók gengið dýfu og litlu munaði að illa færi. Hagnaður fyrirtækja þurrkaðist út og skuldsett heimili áttu erfitt uppdráttar þegar margir misstu atvinnuna.

Nú eru skuldir heimila og fyrirtækja að aukast á ný. Þá eru raunvextir hærri en vöxtur kaupmáttarins. Stærri hluti tekna heimilanna fer því í að greiða niður lán. Fyrirtæki á innlendum lánamarkaði eiga líka undir högg að sækja. Vextir um fram arðsemi leiða til þess að fjárfesting dregst saman. Það hægir á vexti framleiðslugetu hagkerfisins og uppsveifla myndar verðbólguþrýsting fyrir en ella. Því þarf að grípa fyrir til aðhaldssamari hagstjórnar. Langvarandi háir vextir bitna mest á vaxtar-sprotum í alþjóðlegri samkeppni. Þegar fjölbreytt atvinnustarfsemi fær ekki þrífist minnkar innbyggð sveifluþjónun hagkerfisins og getan til að standa af sér áföll.

Ógn við stöðugleikann

Hátt gengi krónunnar í ár, sem má rekja

Skuldir þjóðarbúsins



til hárra vaxta og bjartsýni, hefur aukið kaupmátt landsmanna erlendis og innfluttar vörur og þjónusta streyma til landsins. Hátt gengið dregur einnig úr útflutningi og minnkar getu okkar að borga fyrir innflutninginn og viðskiptahallinn eykst. Til að fjármagna hallann þarf að taka erlend lán og skuldabyrðin þyngist meira. Hækkun vaxta getur ýtt undir þetta ferli ef flestir búast við háu eða hærra gengi á komandi missirum.

Skuldir landsmanna nema nú þrefaldri landsframleiðslu og við Íslendingar erum orðin ein skuldsettasta þjóð Evrópu sem borgar jafnframt hæstu vextina. Ef horfur í útflutningi versna skyndilega eða vextir erlendis hækka mikið getur gengið kolfallið. Þá hækka afborganir erlendra lána í krónum talið og geta orðið mörgum ofviða. Ef háu vextirnir valda jafnframt samdrætti í innlendra eftirspurn og atvinnuleysi getur hrina gjaldþrota farið af stað með lækkun eignaverðs.

Þörf á ábyrgri hagstjórn

Nauðsynlegt er að vara við ótæpilegri hækkun vaxta. Það getur grafið undan stöðugleika efnahagslífsins og skapað alvarlegan vanda fyrir skuldsett heimili og fyrirtæki landsins og þar með fjármála-kerfið á komandi árum.

Til að draga úr þörfinni á vaxtahækkun þarf rétt viðbrögð í hagstjórninni. Fyrst og fremst þarf virkt aðhald í fjármálum ríkissjóðs og sveitarfélaga á komandi árum. Þá þurfa aðilar vinnumarkaðsins að leggja sitt af mörkum með hóflegum kjarasamningum, bankar að sýna aðgát í útlánunum og almenningur að draga úr skuldaföfnun.

Seðlabankinn getur þá beitt hóflegu aðhaldi í peningastjórninni og þjóðin sloppið áfallalaust frá þessum ævintýralega vaxtakipp.

Þorsteinn Þorgeirsson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
12. töl. Desember 2003
ISSN 1022-7741
Fór í prentsmiðju: 12.12.2003
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plaströkkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Ljósmynd á forsiðu,
Ragnar Th/www.ljosmyndasafn.is

Útgefandi: Samtök iðnaðarinnar
Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritad efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í síkum tilvikum.

Vonbrigði með framlög til Tækniþróunarsjóðs

Í fjárlögum ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að framlög til Tækniþróunarsjóðs verði 200 milljónir króna. Þetta er nánast sama fjárhæð og var í tæknisjóði Rannís áður en lagaþrengning um Vísinda- og tækniráð tók gildi á síðasta þingi. Forráðamenn Sprotafyrirtækja og fyrirtækja í iðnaði sem byggjast á rannsóknastarfi og tækniþróun, hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með hversu lágt þetta framlag er, ekki síst í ljósi þeirrar þurrðar sem nú ríkir í áhættufjármögnun sprotafyrirtækja.

Markmið lagaþrengunnar „um opinberan stuðning við vísindarannsóknir,“ um „Vísinda- og tækniráð“ og „opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins“ er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að styrkja stöðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Lögin kveða m.a. á um starfsemi Rannsóknarsjóðs og Tækjasjóðs annars vegar og Tækniþróunarsjóðs hins vegar.

Væntingar voru miklar en stefnumótun vantaði

Miklar væntingar voru bundnar við að lagaþrengning hleypti nýju lífi í rannsókn- og þróunarstarf á Íslandi. Sprotafyrirtæki og önnur fyrirtæki sem byggjast á öflugri rannsókn- og þróunarstarfi horfðu sérstaklega til Tækniþróunarsjóðs í þessu sambandi. Með þær væntingar að leiðarljósi og í trausti þess að hið nýja Vísinda- og tækniráð kæmi til móts við þær af myndugleika, lýstu Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins yfir stuðningi við frumvörp þessara laga.

Samtökin gagnrýndu, í umsögn sinni um lagaþrengninguna, að mjög takmörkuð stefnumótun lá fyrir og lítið samráð var haft við hagsmunaaðila í tengslum við mótun laganna. Lagahöfundar og ríkisstjórn bentu hins vegar á að þessi vinna yrði í höndum hins nýja Vísinda- og tækniráðs. SA og SI lýstu einnig áhyggjum af of litlu vægi sjónarmiða fyrirtækja og atvinnulífs í fyrirhuguðu 18 manna Vísinda- og tækniráði og lögðu til að fulltrúum SA yrði fjölgað úr tveimur í fjóra. Ekki var tekið tillit til þeirra athugasemda.

„Sjónarmið SA og SI hafa í öllum meginráttum verið að engu höfð í framkvæmd þessara laga“

Megingallinn takmarkað umfang Tækniþróunarsjóðs

Megingallinn á lagasmíðinni töldu samtökin þó vera að ekkert var gefið upp um stærð og umfang Tækniþróunarsjóðs. SA og SI tóku skýrt fram að stærð og umfang Tækniþróunarsjóðs og stjórnskipulag hans myndu ráða miklu um afstöðu Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins til þeirra breytinga sem fyrirhugaðar voru.

Samtökin töldu að árlegt ráðstöfunarfé Tækniþróunarsjóðs þyrfti að vera a.m.k. 800-1000 milljónir kr. til að byrja með til að mæta þeirri brýnu þörf sem blasti við í nýsköpunarumhverfinu ekki síst í ljósi þeirrar þurrðar sem ríkt hefur um nokkurt skeið á fjármagnsmarkaði nýsköpunar. Til lengri tíma lítið gæti sjóðurinn ýmist dregið úr eða aukið árlegt framlag sitt til mótvægis við sveiflukennt framboð annarra fjármögnunaraðila nýsköpunar á Íslandi.

Í trausti þess að tekið yrði tillit til þeirra athugasemda, sem gerðar voru, studdu Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins framgang laganna.

Það ætti öllum að vera ljóst að hugmyndir um 200 m.kr. framlag til Tækniþróunarsjóðs, sem nú liggja fyrir í fjárlögum ríkisstjórnarinnar, standa engan veginn undir þeim væntingum sem til hans eru gerðar. Sjónarmið SA og SI hafa í öllum meginráttum verið að engu höfð í framkvæmd þessara laga. Fyrirheit um framtíðaraukningu í 500 m.kr. breyta þar litlu því að það er núna sem þörfin er mest en ekki endilega í framtíðinni þegar þensluáhrif stóriðjuframkvæmda verða í hámarki og þau sprotafyrirtæki sem núna berjast fyrir lífi sínu hafa orðið gjaldþrota.

Það er því varla nema von að stjórnendur sprotafyrirtækja spyrji fyrir hvern og til hvers var verið að gera allar þessar breytingar á skipulagi Rannís um ekki meiri fjármuni en nú virðast eiga að skila sér í þann farveg?

Í fjárlagafrumvarpinu felst vissulega 200 m.kr. aukning til Rannsóknarsjóðs sem snýr augljóslega meira að háskólum og rannsóknastofnunum. Þess var sannarlega þörf en sú undarlega tilhöggun, að leggja niður fyrirverandi Tæknisjóð til að fjármagna þá aukningu og búa síðan til nýjan Tækniþróunarsjóð með jafnlitlu fjármagni og áður var í Tæknisjóði, minnir meira á sjónhverfingar en metnaðarfulla stefnumótun.

Framlög ríkisins til nýsköpunar og þróunar er arðvænleg fjárfesting - ekki ávísun á aukin ríkisútgjöld

Það ber ekki vott um að stjórnvöld líti á framlög ríkisins til nýsköpunar og þróunarstarfsemi sem arðvænlega fjárfestingu sem auka muni tekjur ríkissjóðs í framtíðinni, heldur sem útgjöld sem þurfi að halda í lágmarki eins og öðrum ríkisútgjöldum.

Á málþingi um starfsskiylrði sprotafyrirtækja, sem Samtök iðnaðarins stóðu að í október sl., var samþykkt ályktun sem fól í sér áskorun til ríkisstjórnar, lífeyrissjóða, banka og annarra fjármálastofnana, fjárfsterkra einstaklinga og öflugra fyrirtækja að kynna sér vel þau tækifæri sem felast í fjárfestingu og stuðningi við sprotafyrirtæki og starfi frumkvöðla. Skorað var á þessa aðila að taka höndum saman og gera öflugt átak til að efla á ný fjármögnun og fjárfestingar í rannsókn- og þróunarstarfi sprotafyrirtækja og starfi frumkvöðla.

Það er án efa ein besta fjárfestingin sem ríkið gæti lagt í við núverandi aðstæður að leggja 1 milljarð króna til árlegrar ráðstöfunar í hinn nýja Tækniþróunarsjóð strax á næsta ári og styrkja eigið fé Nýsköpunarsjóðs þannig að árlegt ráðstöfunarfé hans verði a.m.k. einn milljarður króna.

Menn ættu ekki að þurfa að velkjast í vafa um að fjárfesting í rannsóknnum og þróun er arðvænleg forsenda framfara og bættra lífsgæða. Verðmætin í þessu ferli verða helst til í höndum einstaklinga og fyrirtækja og skila sér í formi söluvöru, lausna og þekkingar sem aftur nýtist til að auka verðmæti, finna betri lausnir og bæta lífsgæði. Skynsamleg fjárfesting í þessum efnum skilar sér þannig inn í þjóðarþið með margföldunaráhrifum. Það er því engin tilviljun að þær þjóðir, sem náð hafa lengst í lífsgæðum og verðmætasköpun, standa efst á þeim kvarða sem mælir útgjöld til rannsókna og þróunarstarfs sem hlutfall af þjóðarframleiðslu.

Davíð Lúðvíksson

Ráðgjafaráð og stjórnir funda um starf SI

Innan Samtaka iðnaðarins er lögð rík áhersla á að samstarf félagsmanna og starfsmanna SI sé eins náð og unnt er til að tryggja að starfsemin uppfylli sem best óskir og þarfir félagsmanna hverju sinni.

Markviss verkstjórn

Þetta er reynt að gera með margvíslegum hætti. Fyrst ber að nefna að allt frá stofnun SI hefur markviss stefnumótun og forgangsriðun verkefna verið í fyrirrúmi.

Þá kemur starf félaga og starfsgreina-hópa sem hefur í flestum tilvikum gengið vel en þar er að finna mikilvæga uppsprettu leiðsagnar og verkstjórnar fyrir starfsmenn SI.

Loks ber að nefna fundi, sem haldnir eru tvisvar á ári, vor og haust. Þá koma saman til fundar ráðgjafaráð, stjórn Samtaka iðnaðarins og stjórnir allra aðildarfélaganna til þess að ræða þau mál sem efst eru á baugi og varða hagsmuni iðnaðarins. Þarna hefur skapast mikilvægur vettvangur til þess að forgangsraða verkefnum SI en fundina sækja venjulega 80 - 120 manns.

Haustfundur

Þann 30. október sl. var haldinn haustfundur ráðgjafaráðs, stjórnar Samtaka iðnaðarins og stjórnanna allra aðildarfélaganna að Hallveigarstíg 1. Að þessu sinni var athyglinni beint að Samtökunum sjálfum, skipulagi, helstu málefnum og starfsmönnum og ábyrgðarsviði hvers og eins. Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SI, fékk það hlutverk að hafa framsögu en Vilmundur Jósefsson, formaður SI, stýrði fundi.

Margþætt starfsemi

Í framsögunni var horft til þess að iðnaðurinn skipar mikilvægan sess í atvinnulífi þjóðarinnar og flest bendir til að hann muni í vaxandi mæli standa undir velferð okkar í framtíðinni. Það staðfesta nýjar hagtölur. Verðmætasköpun er þegar helmingi meiri en í veiðum og vinnslu og þá dregur mjög saman með þessum greinum í öflun gjald-eyristekna.

Rifjaður var upp tilgangurinn með stofnun SI sem var að einfalda og skerpa hagsmunagæslu og þjónustu um leið og hún yrði eflað og gerð ódýrari. Nú að 10 árum liðnum má líkja þeim við þétttrið net sem gættir flókinna og fjölbreyttra hagsmuna iðnfyrirtækja. SI eru allt í senn þjónustunet, samskiptanet, upplýsinga- og öryggisnet þar sem 21 starfsmaður er til þjónustu reiðubúinn fyrir tæplega 1.200 félagsmenn.

Hægt er að draga saman kjarnann í starfseminni og lýsa honum þannig að SI vinni að því að:

- bæta rekstrarumhverfi
- fylgjast með alþjóðlegri þróun viðskipta
- hafa áhrif á stöðu Íslands í Evrópu
- innleiða nýjar og bættar aðferðir í rekstri
- stuðla að heilbrigðri samkeppni
- skapa samfélag fyrirtækja
- veita þjónustu og ráðgjöf

Eftir upprifjun þess, sem er efst á verkefnalista SI samkvæmt ákvörðun þessa sama fundar í vor, var farið nánar yfir einstaka málaflokka og starfsgreinahópa og kynntir til sögunnar þeir starfsmenn sem hafa þá á sinni könnu. Starfsemi SI er þannig skipulögð að hver málaflokkur og starfsgreinahópur á sinn ábyrgðarmann. Þá



hefur verið tekin upp sú vinnuregla að hverju einasta aðildarfyrirtæki er skipaður tengiliður meðal starfsmanna SI sem á að tryggja að fyrirtækið fái þjónustu og upplýsingar og um leið getur fyrirtækið leitað til hans með sín mál en að sjálfsögðu eru allir starfsmenn til reiðu, hver á sínu sérsviði.

Aukin samkennd

Að lokinni framsögunni urðu umræður og fyrirspurnir og sat Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, fyrir svörum ásamt þeim starfsmönnum SI er bera ábyrgð á þeim málefnum sem fyrirspurnir eða athugasemdir beindust að. Spurst var fyrir um ýmis atriði, flestu hrósað en annað gagnrýnt eins og við var að búast. Fundarmenn voru flestir þeirrar skoðunar að starf SI væri öflugt of skilaði félagsmönnum árangri.

Í lok fundarins snæddu þátttakendur saman léttan kvöldverð og ræddu um lífsins gagn og nauðsynjar en fundur af þessu tagi þjónar ekki síst þeim tilgangi að efla samkennd félagsmanna og auka þekkingu á högum manna í mismunandi greinum iðnaðarins. Það leiðir til aukins árangurs fyrir iðnaðinn í heild.

Jón Steindór Valdimarsson

Iðnþing Samtaka iðnaðarins 2004



Samtök iðnaðarins

Iðnþing Samtaka iðnaðarins verður haldið 12. mars nk. í Versölum, Hallveigarstíg 1. Dagskrá Iðnþings verður birt í febrúarblaði Íslensks iðnaðar og á vefsetri SI www.si.is. Árshólf Samtakanna verður að venju haldið að kvöldi sama dags og hefst kl. 19.30 með fordrykk í boði SI.

Vanda þarf valið þegar ráðið er í iðn- og tæknistörf

Þórir Þorvarðarson er ráðningarstjóri Hagvangs. Þórir hefur áratuga reynslu af að þjóna fyrirtækjum í ráðningar-málum. Þórir telur að fyrirtæki geti staðið betur að ráðningu starfsfólks, sérstaklega iðn- og tæknimenntaðra og þeirra sem vinna við framleiðslu-störf. Íslenskur iðnaður lagði nokkrar spurningar fyrir Þóri.

Hefur eftirspurn fyrirtækja eftir fólki breyst á undanförunum árum? Sækjast þau eftir fólki með aðra menntun og reynslu en t.d. fyrir tíu árum?

Ég er ekki viss um að áherslur stjórn-enda við ráðningu fólks séu í stórum drátt-um öðruvísi en fyrir nokkrum árum. Ég hef hvorki upplýsingar né tilfinningu fyrir því. Hins vegar verja stjórnendur lengri tíma og meiri vinnu í að ráða starfsfólk nú en fyrir rúmum áratug. Á verðbólguárinum tók því ekki að eyða löngum tíma í ráðningar-ferlið. Starfsmaðurinn fór gjarnan fljótlega til annars fyrir 5.000 kr. launahækkun.

Hvað hefur breyst hjá fyrirtækjunum?

Hjá mörgum fyrirtækjum starfa mennt-aðir og reyndir starfsmannastjórar sem ráða yfir haldgóðum aðferðum til að ráða fólk. Starfsmaður sem er ráðinn eftir lang- og stundum flókið ráðningarferli - einn úr kannski 50 manna hópi - er auðvitað ánægður með að vera valinn. Hann finnur til sín og er reiðubúinn að helga sig störf-um sínum. Hann er fyrirtækinu líka mikils virði.

Er ráðningarferli af þessu tagi einkenn-andi bæði fyrir skrifstofustörf og tæknistörf?

Þjónusta okkar er miklu meira nýtt þegar ráða skal fólk í verslunar- og skrif-stofustörf. Það er t.d. afar sjaldgæft að við séum beðnir um að finna hæfan smíð til starfa. Ég spyr mig oft: Hvers vegna þessi munur? Við getum auðveldlega heimfært vönduð umsóknarviðtöl yfir á ýmis fram- leiðslustörf.

Getur það verið að forsvarsmenn fyrir- tækja vanmeti þá verðmætaaukningu sem á sér stað við vélarnar? Þurfa þeir ekki besta fánlega fólkið „niður á gólfid“ eins og stundum er sagt?

Ég held að þjónusta okkar geti nýst þegar ráðið er í iðnaðarstörf og tæknistörf.

Er jafnvægi í framboði menntaðs og þjálf- aðs fólks á vinnumarkaðnum?

Undanfarin ár hefur átt sér stað geysi- mikil fjölgun viðskiptamenntaðs fólks. Margt ungt fólk, sem nýlokið hefur við- skiptafræði, hefur samband við okkur og er hissa á að draumastarfið bíði þess ekki. Háskólanám í viðskiptafræði er gott nám. Sannleikurinn er bara sá að framboð á störfum er ekki í samræmi við framboð á menntuðu fólki í þessum geira. Við eigum alltof margt viðskiptamenntað fólk.

Hvaða nám telurðu að sinni frekar þörf fyrirtækjanna?

Ég sakna meira framboðs á verknámi. Það er lögð alltof mikil áhersla, bæði á heimilum og í skólum, á það að ungt fólk fari hefðbundna menntaskólaleið. Ég verð lítið var við að iðnnám og vélskólanám sé kynnt ungu fólki.

Hvernig sérðu fyrir þér að breyta meg- i þessu viðhorfi?

Mér dettur í hug hvort ekki sé rétt að benda á að iðn- og verknám er góður kost-



ur í sjálfu sér. Fyrir þá, sem vilja ljúka starfsnámi en halda leiðum opnum í framhaldsnám í tæknigreinar á há- skólastigi, er iðn- menntaleiðin þrýði- legur valkostur. Þeir sem hafa farið þessa leið gegnum tækni- fræði eða verkfræði byggja fræðilega vinnu á afar hagnýtum grunni.

Eru möguleikarnir sem sagt margir?

Möguleikarnir eru margir og hagnýtingin á náminu yfirleitt fjölþættari en okkur dettur í hug. Kringlum 1992-93 var mikið atvinnuleysi hjá verkfræðingum og tækni- fræðingum. Á þessum tíma var haldinn sérstakur fundur af þessu tilefni þar sem ýmsir lögðu fram hugmyndir um hvernig skynsamlegt væri að bregðast við. Í kjöl- farið réðst tæknimenntað fólk m.a. til starfa hjá fjármálastofnunum og stóð sig afar vel þar. Það sýndi sig þarna að verk- og tæknifræðimenntunin nýttist vel á ólík- um sviðum.

Ingibogi Bogason

„Viljum auka vinnustaðapjálfun...“

... en draga úr þjálfun í skóla (skolepraktik),“ segir Dansk industri

Í Danmörku hafa namar í iðn- og verknámi getað lokið starfsþjálfun með tvennum hætti; annaðhvort með samningi við vinnustað eða í skóla. Dansk industri telur reynsluna af skólaþjálfuninni ekki góða.

Fyrir fáeinum árum sömdu stjórnvöld og atvinnulíf um að gefa þeim nemendum, sem ekki fengu þjálfunarsamning við fyrirtæki, kost á að ljúka starfsþjálfun í skóla.

Reynslan af þessari tilraun er blöndin. Ávinningur af skólaþjálfuninni er sá að sumar atvinnugreinar, sem ekki byggjast á hefð iðngreina, t.d. upplýsingatæknin, fá þjálfaða nema til starfa án þess að þurfa að skipuleggja vinnustaðanámi í fyrirtækjum. Það telst líka ávinningur að fleiri nemendur hafa lokið námi í mörgum

iðn- og verkgreinum, bæði bóklefum og verklegum hluta. Ókosturinn er hins vegar sá að í sumum greinum útskrifast miklu fleiri nemendur en fá vinnu við sitt hæfi.

„Það er eftirtektarvert,“ segir Dansk industri, „að þeir, sem ljúka námi sínu með vinnustaðapjálfun, fá miklu frekar vinnu til frambúðar en þeir sem ljúka þjálfun í skóla.“ DI vill að vinnustaðapjálfunin verði eflað umfram skólaþjálfunina.

Í apríl sl. gerðu danska launþegahreyfing- ingin (LO) og Dansk industri með sér samkomulag um að herða kröfur til skóla- þjálfunar iðn- og verknáms. Atvinnulífið vill að kennsluframboð í greinum, sem eiga erfitt uppdráttar eða sýnt er að muni leggjast af á næstu árum, verði takmark- að eða jafnvel lagt af.

Ingibogi Bogason

Fróðlegur fundur Félags blikksmiðjueigenda

Árlegur Jólafundur Félags blikksmiðjueigenda fór fram í byrjun aðventu. Þar er gerð grein fyrir því helsta sem félagið og heildarsamtökin vinna að og ennfremur fjallað um eitthvert áhugavert efni. Að þessu sinni var Magnús Þór Ásmundsson, framleiðslustjóri Marel, frummælandi og gerði sameiginlega fleti málmsmíði og blikksmiði að umræðuefni.

Erindi Magnúsar Þórs var bæði stór-

fróðlegt og skemmtilegt og vakti upp fjöru umræður um þróunina í finsmíði máлма og þau miklu sóknarfæri sem þar eru nú þegar fyrir hendi. Þau er ekki síst að finna í útflutningi og þeir sigrar, sem fyrirtæki eins og Marel getur státað af, eru órækur vottur þess.

Fundarmenn sannfærðust um að smíði úr ryðfríu stáli væri viðfangsefni sem fram-sæknuðu blikksmiðjur gætu lagt fyrir sig í enn ríkari mæli en hingað til.

Menn voru á einu máli um blikksmiðjur,

með allar sínar nýju vélar og tæki, gætu tekið mun meiri þátt í þessum þætti málm-smíðinnar en verið hefur og ástæða væri til að kanna þá möguleika enn frekar. Magnús sagði að að einn vænlegasti kostur málm-iðnaðarins væri einmitt á sviði smíða úr ryðfríu stáli til að færa út verksvið sitt og ekki síst þess vegna væri mjög mikilvægt að efla verulega kennslu á því sviði í iðn-náminu.

Ingólfur Sverrisson



Málmur mótar framtíðarsýn

Málmur - samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði - hefur unnið að því að skilgreina þau málefni sem leggja þarf mesta áherslu á að vinna að næstu árin. Sú vinna byggist á tiltekinni framtíðarsýn á greinina árið 2010 og að hverju þarf að vinna til þess að sú sýn verði að veruleika.

Tuttugu manna hópur hélt til Borgar-ness til að einbeita sér að þeirri skilgrein-ingu og útfærslu hennar og dvaldist þar í hörkuvinnu frá hádegi til hádegis næsta dag undir styrki stjórn Davíðs Lúðvíks-sonar hjá SI. Afrakstur vinnufundarins er nú til frekari útfærslu hjá hópnum og í stjórn Málm. Þar verður endanlega gengið frá stefnu félagsins og hvernig unnið verður að því að koma íslenskum málm-iðnaði í fremstu röð á alþjóðavettvangi árið 2010.

Vinnuhópurinn var einhuga um að þrátt fyrir ýmsa erfiðleika í greininni undanfarið standi hún nú frammi fyrir miklum og

ögrandi möguleikum sem þjóðarnauðsyn er að nýta. Nægir í því sambandi að minna á síaukinn útflutning véla og tækja fyrir veiðar og vinnslu, smíði fiskiskipa fyrir erlendar og innlendar útgerðir, fyrirhugaðar framkvæmdir við virkjanir og stóriðju og fjölda ann-arra krefjandi viðfangsefna þar sem nýjasta tækni er og verður nýtt. Þeir sem tóku þátt í stefnumótunar-fundinum og stjórn Málm eru staðráðnir í að fylgja markaðri stefnu fast eftir og vinna skipulega að því að nýta þau gríðarlegu tækifæri sem nú eru í sjón-máli.

Ingólfur Sverrisson



Fjölbreytt framleiðsla í Múlalundi

Starfsmenn SI gerðu sér nýlega ferð í Múlalund til að kynna sér þá starfsemi sem þar fer fram en fyrirtækið gerðist nýlega félagi í Samtökum iðnaðarins. Múlalundur er til húsa að Hátúni 10 í Reykjavík og er stærsti og elsti verndaði vinnustaður landsins. Hann var stofnaður árið 1959 og er í eigu Sambands íslenskra berklasjúklinga. Múlalundur og Reykjalundur, sem einnig er í eigu SÍBS, eru rekin sem sjálfstæð fyrirtæki. Múlalundur hefur einkum sérhæft sig í framleiðslu á plast og pappavörum fyrir skrifstofur en viðskiptavinirnir eru á níunda hundrað.

Í Múlalundi eru nú 20 stöðugildi fyrir fatlaða sem flest deilast á fleiri starfsmenn þar eð fæstir þeirra vinna fullan vinnudag. Þar er þeim gert kleift að vinna létt störf við hagnýtan iðnað þar sem vinnutíminn getur verið sveigjanlegur. Alls eru starfsmenn Múlalundar um 55 talsins.

Múlalundur er mjög vel í sveit settur í Hátúninu hvað samgöngur varðar, er í göngufæri frá íbúðablokkum fatlaðra við sömu götu en margir starfsmenn eru lengra að komnir og er ekið þangað endurgjaldslaust á vegum ferðabjónustu fatlaðra hvaðan sem er á höfuðborgarsvæðinu.

Færri komast að en vilja

„Markmiðið er ekki endilega að reka fyrirtækið með hagnað í huga,“ segir Helgi Kristófersson, markaðs- og gæðastjóri, „heldur til að skapa sem flestum vinnu sem ekki ganga heilir til skógar. Hér komast færri að en vilja og biðlistinn er því langur. Mikil endurhæfing er fólgin í að geta stundað vinnu við sitt hæfi og besta jólagjöfin sem hægt er að gefa fötludum er að kaupa framleiðsluvörur Múlalundar.“ Flestir starfsmenn vinna tímabundið í Múlalundi, gjarna 6 til 12 mánuði, meðan þeir eru að ná sér á strik eftir slys eða veikindi. Sumir eru þó ráðnir til lengri tíma þegar þjálfar þarf fólk til að vinna við flóknar vélar.“

Þess eru mörg dæmi að starfsmenn hafi náð fullum bata og ráðið sig til starfa á almennum markaði. „Múlalundur skilar



þjóðinni því miklum fjármunum þegar upp er staðið,“ segir Helgi. „Það er gjarna horft til þess hve mikið fé sé lagt í slíka starfsemi en erfiðara að meta hve miklu það skilar þótt það megi sjá í mörgu öðru en krónum og aurum.“

Fjölbreytt framleiðsla í sífeldri þróun

Framleiðsluvörur Múlalundar eru afar fjölbreyttar en þar að auki flytur fyrirtækið inn ýmsar vörur til skrifstofuhalds. Eglubræfabindin fara trúlega víðast og eru þekktust, að mati Helga, en meðal annarrar framleiðsluvöru má nefna lausblaðabækur, tölvumöppur, dagatöl, myndaalbúm, glærar kápur og hulstur, ráðstefnu- og fundamöppur og þannig mætti áfram telja. Þar er að finna margt það sem heimili, fyrirtæki og stofnanir þurfa á að halda til að flokka og halda til haga pappírur og öðrum gögnum. Múlalundur hefur svarað kröfum markaðarins og aukin eftirspurn hefur gert fyrirtækinu gert kleift að auka

vöruúrvalið. Meðal nýjunga má nefna sérprentaðar lausblaðamöppur úr pappa þar sem viðskiptavinurinn getur valið um fjögurra lita prentun og útlit sem setur hugarfluginu engin takmörk, t.d. landslagsmynd eða vörur svo að dæmi sé tekið. Að sögn Helga má þakka stærstan hluta söluaukningar Múlalundar um þessar mundir slíkum möppum sem fyrirtæki panta fyrir ráðstefnur eða til að markaðssetja vörur. Þá er borðdagatal Múlalundar úr plasti góður kostur fyrir þá sem vilja hafa góða yfirsýn yfir verkefni mánaðarins og það er hægt að sérmerkja ef vill. Síðast en ekki síst má geta þess að Múlalundur sendir viðskiptavinum sínum á höfuðborgarsvæðinu pantaðar vörur þeim að kostnaðarlausu. Finna má vörulista á vefsetri Múlalundar www.mulalundur.is þar sem sjá má hvaða vörur fyrirtækið hefur á boðstólum og þar er einnig hægt að panta vörur.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Norræni iðnaðarsjóðurinn styrkir verkefni um þekkingarmat UT-fyrirtækja

Samtök íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja, sem starfa innan Samtaka iðnaðarins verða í forsvari fyrir verkefninu sem heitir Putting Intellectual Capital into Practical Implementation.

Verkefnið hefst í byrjun næsta árs og varir í tvö og hálf ár. Samstarfsaðilar í

ut.is

verkefninu eru samtök UT-fyrirtækja á öllum Norðurlöndunum og gert er ráð fyrir að aðildarfyrirtæki þeirra taki þátt í verkefninu

með ýmsu móti. Sum þeirra gera sínar eigin þekkingarskýrslur en önnur fá að kynnast því hvernig að slíki úttekt skal standa.

Guðmundur Ásmundsson



Stefnumótun og framtíðarsýn í heilbrigðistækni

Samtök iðnaðarins og Heilbrigðis-tæknivettvangur standa um þessar mundir fyrir vinnufundum um mótun framtíðarsýnar og stefnumörkun fyrir heilbrigðistækni á Íslandi.

Í þessu stefnumótunarverkefni er stuðst við aðferðafræði sem þróuð hefur verið hjá Samtökum iðnaðarins og m.a. notuð við stefnumörkun ólíkra starfsgreina, félaga, stofnana og stærri fyrirtækja. Vinnan fer þannig fram að byrjað er á vinnufundi sem stendur frá hádegi til hádegis daginn eftir. Á þessum sólarhring fer hugmyndavinnan fram að mestu en að henni lokinni liggur fyrir skýr framtíðarsýn fyrir starfsgreinina, lýsing á þeim forsendum sem þarf til að gera hana að veruleika og aðgerðum eða verkefnum sem fært geta greinina inn í þá framtíð. Það eru þátttakendur sjálfir sem síðan forgangsraða aðgerðum út frá vel útfærðum árangursmælikvörðum sem tengdir eru framtíðarsýninni og forsendum hennar.

Að loknum fyrsta vinnufundi sem fram fór dagana 15.- 16. september sl. að Hótel Borgarnesi liggja fyrir fyrstu niðurstöðum. Framtíðarsýn í heilbrigðistækni til ársins 2008 og þær forsendur, sem teljast afgerandi til að gera hana að veruleika, má draga saman í eftirfarandi fyrisagnir:

Framtíðarsýn heilbrigðistækni

- Íslenska heilbrigðisupplýsingasamfélagið HUS – er orðið að veruleika.
- Góður árangur í uppbyggingu sprotafyrirtækja með öflugum og virku stuðningsumhverfi.
- Öflugt íslenskt heilbrigðiskerfi - virt á alþjóðlegum vettvangi.
- Öflug alþjóðleg fyrirtæki byggð á

„Megináherslan er á að rjúfa þá kyrrstöðu sem verið hefur í uppbyggingu íslenska heilbrigðisupplýsingasamfélaginu“

- sterktum grunni íslenskra heilbrigðis-tæknilausna
- Íslendingar eru leiðandi í þróun og hagnýtingu sérhæfðra heilbrigðistæknilausna.

Afgerandi árangursþættir - Forsendur

- Hagkvæmt heilbrigðiskerfi
- Skýr menntastefna og virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á sviði heilbrigðistækni.
- Virk fjármögnun og skipulag R&Ð starfsemi
- Víðtæk samvinna um markaðssetningu íslenskra heilbrigðistæknilausna
- Stjórnun og starfshættir íslenska heilbrigðiskerfisins með aðferðum og hugmyndafræði gæðastjórnunar.

Fjöldi hugmynda að verkefnum kom

fram og var þeim forgangsraðað m.t.t. framtíðarsýnar og forsendna, en auk þess fengu þátttakendur að forgangsraða verkefnum á eigin forsendum. Eftirfarandi 10 verkefni urðu með þessum hætti á efst á forgangslista þátttakenda:

- Markáætlun um heilbrigðistækni (1200-2400 m.kr.) (V&T-ráð, NSA)
- Evrópurannsóknir - fleiri verkefni með ísl. þátttöku - meira fjármagn til Íslands
- Framfylgja heilbrigðisáætlun hvað varðar fjármögnun á upplýsingatækni
- Meistaránám í heilbrigðistækni við HÍ í samstarfi verkfræði, læknadeildar og raunvísindadeild.
- Gangsetning heilbrigðisnets
- Stöðluð samskipti upplýsingakerfa á heilbrigðissviði
- Frá „eyjum í net“ - tenging sjúkraskrákerfa
- Efling og áframhald Heilbrigðistækni-vettvangs - stuðningur frá hugmynd til hagnaðar
- Erlent HT-áhættufé (erlendir fjárfestar með sambönd og þekkingu á sviði heilbrigðistækni).
- Þekkingarþorp

Eins og sést á framangreindum lista eru áhersluverkefni mörg tengd íslenska heilbrigðisnetinu sem lengi hefur verið í umræðunni en framkvæmdin hefur einkennst nokkuð af biðstöðu undanfarin ár.

Þá tengjast önnur verkefni menntamálum, fjármögnun, alþjóðlegu þróunarsamstarfi og þekkingarþorpi.

Miðað er við að þessu stefnumótunarferli ljúki fyrir næsta aðalfund heilbrigðistækni-vettvangs í byrjun næst árs.

Davíð Lúðvíksson

Íslenskar mjólkurafurðir gera það gott í erlendri samkeppni



Verðlaunahafar á heiðurspalli

Dalabrie, þykkmjólk og biomjólk fengu sérstök heiðursgullverðlaun á sýningunni



Nýlega var haldin í Herning á Jótlandi stærsta sýning veraldar á mjólk og mjólkurafurðum. Þar eru líka sýndar tækninýjungar og búnaður til mjólkuravinnslu. Á sýningunni eru gæði mjólkurafurða metin og sendu Íslendingar vörur til þátttöku í þeirri keppni í sjötta sinn. Þátttaka í sýningu og keppni af þessu tagi er mjög mikilvægur liður í því að hvetja framleið-

endur til stöðugar vöruvöndunar.

Alls tóku 216 íslenskar vörutegundir þátt í keppninni, 79 ostar og 137 ferskvörur. Þar af hlutu 60 vörur verðlaun, 29 ferskvörur og 31 ostar. Ostarnir fengu 7 gullverðlaun, 9 silfur og 15 brons en ferskvörurnar 4 gull, 13 silfur og 12 brons. Þetta er frábær árangur og til marks um hve íslenskar mjólkurvörur standa vel í

samkeppni við vörur annarra landa. Heildarfjöldi vörutegunda, sem dæmdur var á sýningunni, var röskegla 1500. Dómarar í keppninni voru á annað hundrað, þar af þrír Íslendingar. Ítarlega var fjallað um sýninguna og þátttöku Íslendinga í Bændablaðinu 25. nóvember síðastliðinn.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir og IST-30

Ný útgáfa af IST-30

Fimmta útgáfa staðalsins IST-30, sem er staðall um almenna útboðs- og samnings-skilmál við verkframkvæmdir, tók gildi 1.09.2003. Staðallinn er töluvert breyttur og endurbættur frá fyrri útgáfu sem er frá 1997.

Meðan endurskoðun á staðlinum fór fram lögðu Samtök iðnaðarins mikla áherslu á að kalla eftir ábendingum frá félagsmönnum sínum um nauðsynlegar breytingar og viðbætur en Samtökin áttu tvo fulltrúa í vinnuhópnum sem Byggingarstaðlaráð fól að endurskoða staðalinn.

Vel flestar ábendingar og áherslur félagsmanna SI náðu fram að ganga og breytingin á staðlinum er því umtalsverð.

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins hafa á síðustu misserum verið á faraldsfæti til að kynna breytingarnar hjá hinum ýmsu meistarafélögum.

Þau fyrirtæki, sem starfa við verkframkvæmdir, þurfa að vera vel vakandi yfir breytingunum og fá starfsmenn sína til að



tileinka sér ný vinnubrögð á tilteknum sviðum.

IST-30 og gæðastjórnun

Allmörg fyrirtæki innan SI hafa á síðustu árum innleitt gæðastjórnunarkerfi og breyttur staðall hefur hugsanlega einhver áhrif á gildandi verklagsreglur þeirra.

Til þess að auðvelda þeim fyrirtækjum, sem hafa verið að byggja upp gæðastjórnunarkerfi í samstarfi við SI, að átta sig á samhengi staðalsins og gæðastjórnunarkerfisins hafa verið útbúnaðar tilvísanir frá efnisyfirliti gæðakerfisins yfir í hina ýmsu kafla staðalsins. Það ætti að auðvelda fyrirtækjunum að bera saman innihald verklagsreglna við staðalinn og koma í veg fyrir að vinnubrögð starfsmanna stríði gegn

fyrirmælum hans.

Þar sem staðallinn er í flestum tilvikum hluti af samningum aðila við verkframkvæmdir er áriðandi að vinnulýsingar í verklagsreglum gæðastjórnunarkerfisins séu ekki lakari eða úr takt við það sem staðallinn kveður á um.

Þau fyrirtæki, sem eiga gæðastjórnunarkerfi frá SI, geta fengið uppfærslu eða útprentun á efnisyfirlitinu þar sem umræddar tengingar koma fram.

Viðræður við Staðlaráð

Samtökin eiga í viðræðum við Staðlaráð um hvort staðallinn geti fylgt gæðastjórnunarkerfinu á rafrænu formi í framtíðinni. Að því væri mikið hagræði og ætti að auðvelda notkun staðalsins ef sú yrði raunin. Auðvelt er að útbúa sjálfvirka tengla frá gæðastjórnunarkerfinu yfir í staðalinn og öfugt. Það gæti auðveldað samræmingu og leitt til útbreiðslu á notkun og virkni staðalsins.

Ferdinand Hansen

Eftirlitsátak í byggingariðnaði

Vinnueftirlit ríkisins hefur verið með eftirlitsátak í byggingariðnaði frá miðju þessu ári 2003. Verkefnið er sameiginlegt átak vinnueftirlitsstofnanna á EES svæðinu og beinist fyrst og fremst að öryggi og heilbrigði á byggingarvinnustöðum.

Átakið hófst í júní sl. og var síðan fram haldið í september, tvær vikur í hvort skipiti. Á næsta ári verður átakið endurtekið á sambærilegan hátt.

Eins og áður sagði er verkefnið samevrópskt átak og því lýkur í október á næsta ári með Evrópsku vinnuverndarvinnu sem að þessu sinni er tileinkuð byggingariðnaði.

Þar verður niðurstaða átaksverkefnisins kynnt og þá verður hægt að sjá hver er staða öryggis- og heilbrigðismála í byggingariðnaði á Íslandi í samanburði við önnur lönd innan EES.

Eins og fram kemur í bæklingi, sem Vinnueftirlit ríkisins hefur gefið út, beinist eftirlitsátakið fyrst og fremst að þremur



meginspurningum varðandi heilbrigði og öryggi starfsmanna í byggingariðnaði:

- Hefur verið gert nákvæmt yfirlit yfir fallhættu og hafa nauðsynlegar varúðarráðstafanir verið gerðar?
- Hafa réttar ákvarðanir verið teknar við skipulagningu vinnuaðstæðna og val á búnaði og fara notkun og viðhald fram á réttan hátt?
- Er skyldum um samræmi fylgt og er tekið mið af heilbrigðis- og öryggissjónarmiðum við val á verkþökum og undirverktökum?

Samtök iðnaðarins hafa í auknum mæli verið þátttakendur á ýmsum sviðum sem snerta öryggismál fyrirtækja.

Í samvinnu við Samiðn árin 2002 – 2003 var gerð úttekt á öryggismálum í tveimur fyrirtækjum í byggingariðnaði og tveimur í málmíðnaði og niðurstaða hennar hefur síðan verið grundvöllur að viðræðum SI og Samiðnar um nýtt verkefni.

Í gæðastjórnarkerfi SI, sem öllum fyrirtækjum í mannvirkjagerð stendur til boða að kaupa, er kafli sem fjallar um öryggismál. Þar er tillaga að öryggis- og heilbrigðisáætlun sem fyrirtækin geta tekið og lagað að sínum eigin þörfum.

Þá eru SI í viðræðum við helstu verkkaupa landsins um hagnýta leið til að framfylgja ákvæðum Öryggis- og heilbrigðisáætlunar, sem er að finna í Reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.

Samtök iðnaðarins vilja stuðla að því að fyrirtæki í mannvirkjagerð standi sem best að öryggis- og heilbrigðismálum og að það sé gert á sem einfaldastan og skynsamlegastan hátt.

Á nýju ári þjóða Samtökin að öllum líkindum félagsmönnum sínum námskeið í gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar

Eyjólfur Bjarnason eyjolfur@si.is
Ferdinand Hansen ferdinand@si.is

Munu lífeyrisskuldbindingar sliga komandi kynslóðir?

Í Evrópu fer meðalaldur þegnanna stöðugt hækkandi samfara því að vinnuævin styttest. Í stuttu máli lifum við lengur, hættum fyrr að vinna og eignumst færri börn.

Norsku atvinnurekendasmötökin NHO fjalla um lífeyrisskuldbindingar á aðalfundi sínum 7. janúar nk. en samkvæmt upplýsingum frá NHO mun fjöldi Norðmanna, sem eru yfir 65 ára, tvöfaldast á næstu 35 árum, fara úr 650.000 í dag í 1,2 milljónir árið 2040. Nú eru fjórir vinnandi menn í Noregi á móti hverjum sem er eldri en 65 ára. Eftir 35 ár verða aðeins tveir vinnandi á móti einum á eftirlaunum.

Svarti Pétur

Hinn frægi olíusjóður Norðmanna stend-

ur nú í 850 milljörðum norskra króna. Lífeyrisskuldbindingarnar nema hins vegar um 3.700 milljörðum norskra króna. Því er ljóst að gríðarlegur vandi blasir við komandi kynslóðum og Norðmenn líkja því við að þær dragi Svarta Pétur úr spila-stokknum. Hvað mega þær þjóðir þá segja sem eiga engan olíusjóð? Ætli menn fari ekki að verða sammála um að það hafi verið gæfuspör hjá íslenskum atvinnurekendum og launþegum að stofna lífeyrissjóði og ákveða skylduaðild að þeim í lok 7. áratugarins?

Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri NHO á vefslóðinni konferanse.nho.no/

Haraldur Dean Nelson

Fróðleg ferð til Hollands

Á haustdögum þáði Prenttæknistofnun boð GOC, systurstofnunar PTS í Hollandi, um að kynna sér starfsemi stofnunarinnar þar í landi. Markmiðið var einkum að kynna sér nýjar hugmyndir varðandi endurmenntun í grafískum iðnaði og kanna möguleika á samstarfi við erlendar endurmenntunarstofnanir í faginu. Fulltrúar PTS voru Ingi Rafn Ólafsson framkvæmdastjóri, Georg Páll Skúlason frá Félagi bókkagerðarmanna og undirritaður.

GOC var stofnuð árið 1925 og er talin elsta endurmenntunarstofnun í Evrópu. Eigendur eru, rétt eins og hér á landi, atvinnurekendur og stéttarfélög. Hlutverk stofnunarinnar er einkum:

- Að þjálfa starfsfólk í grafísku m greinum og veita fyrirtækjum ráðgjöf
- Að stunda rannsóknir á vinnumarkaði, sinna starfsþróun og kynna grafískar greinar úti á vinnumarkaðinum og meðal ungs fólks sem er að ljúka grunnnámi
- Að sinna grunnnámi, þarfagreiningu og námskráargerð

Námskeiðin eru haldin í aðalstöðvum GOC en einnig víða um land og inni í fyrirtækjunum. Kennarar á námskeiðunum eru ýmist í fullu starfi eða verktakar. Starfsmenn stofnunarinnar eru 75 talsins en þar af eru 8 kennarar í fullu starfi.

Þar á bæ eru menn fullvissir um að tölvutengt fjarnám sé nám framtíðarinnar og vaxtarbroddur og það hefur leyst af hólmi gamaldags bréfanám. Grunnvinnan að hinu nútímalega fyrirkomulagi kennslunnar var þróuð í samstarfi við aðra aðila í Evrópu með styrk frá Brussel. Meðal þess sem stefnt var að var að námið yrði aðgengilegt fyrir nemendur, námsefnið yrði á rafrænu formi, eftirlit og eftirfylgni yrði með nemendum og að tenging námsferla, prófa og annars sem máli skipti færi inn í gagnagrunna. Í boði eru 10 námskeið sem eru fjölbreytt bæði hvað varðar lengd og innihald.

Þá er rétt að geta þess að GOC tekur út fyrirtæki og metur hvort þau séu hæf til að taka nema í vinnustaðanám. Þar þarf að vera leiðbeinandi sem er á launum hjá fyrirtækinu.

Stofnunin útbýr einnig þjálfunaráætlanir



Alex de Boer deildarstjóri alþjóðadeildar GOC og Ingi Rafn Ólafsson framkvæmdastjóri PTS framan við höfuðstöðvar GOC

fyrir fyrirtæki og veitir starfsmannastjórum ráðgjöf um ýmis málefni svo sem um aukna starfshæfni, fjölbreytni í störfum og námskeið í samskiptum starfsfólks og stjórnenda.

Fagmenntun á öllum skólastigum

Farið var í heimssókn til HKU sem er háskóli á hönnunarsviði og út-skrifar nemendur með BA próf m.a. í mið-unargreinum og býður MA nám í samvinnu við Open University of England. Einnig var Grafisch Lyceum skólinn í Rotterdam heim-sóttur en þar býðst nemendum sérhæfing í grafískum greinum á þremur skólastigum frá unga aldri. Þeir eru teknir inn á aldrin-

um 12 til 16 ára og fá kennslu í grafískum greinum í bland við hefðbundnið nám. Á öðru skólastigi 16 –18 ára, stunda nemendur venjulegt iðnnám en þriðja stigið er háskólastig þar sem nemendum býðst að taka BA gráðu í grafískum greinum í kjölfar iðnnámsins. Hafi nemendur próf sem er ígildi stúdentsprófs fá þeir einnig að taka BA próf í grafískum greinum. Það nám fer fram í samvinnu við Háskólann í Rotterdam.

Að lokum er rétt að nefna athyglisverða heimsókn í prentfyrirtækið Nederlof Repro sem sérhæfir sig í stafrænni vinnslu. Fyrirtækið byggir starfsemi sína á persónumerktri prentun t.d. fasteignaauglýsingum þar sem byggt er á gagnagrunni sem hefur verið hannaður í samvinnu við fasteignasala og hefur gefist mjög vel.

Óhætt er að fullyrða að margt markvert bar fyrir augu í ferðinni og sumt er líkt því sem Prenttæknistofnun fæst við þótt allt sé það smærri í sniðum hér á landi. Ýmislegt af því sem kynnt var varðandi starfsþróun og kjararannsóknir gæti hins vegar vissulega verið á kónnu Prenttæknistofnunar.

Sjá nánari og ítarlegri grein um ferðina á vefsetri Samtaka iðnaðarins, www.si.is.

Haraldur Dean Nelson



Menntun og verðmætasköpun

Íslenskur iðnaður keppir við framleiðslu fremstu iðnbjóða heims og þarf því stöðugt að halda vöku sinni. Til að standast harða alþjóðlega samkeppni þurfa íslensk fyrirtæki fleira og betur menntað starfsfólk til sífellt flóknari og dýrmætari starfa.

Samtök iðnaðarins bjóða félagsmönnum sínum að sækja málþing á Menntadegi iðnaðarins á Hallveigarstíg 1, fimmtudaginn 15. janúar 2004 kl. 10-12:00.

Dagskrá

10.00 - 10.15	Ávarp menntamálaráðherra
10.15 - 10.50	Niðurstöður menntakönnunar Gallups og SI
10.50 - 11.40	Menntun og verðmætasköpun: Þorvaldur Gylfason, prófessor. Viðskipta- og hagfræðideild HÍ. Hilmar Janusson, þróunarstjóri. Össur hf. Sigurður Guðni Sigurðsson, framkvæmdastjóri. Skaginn hf.
11.40 -12.00	Fyrirspurnir og almennar umræður

Fundarstjóri: Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka iðnaðarins

Kæru landsmenn...



SI

Samtök iðnaðarins